

81
31. júlí.

Reglugjörð

**um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá
Bandaríkjunum í Norður-Ameríku.**

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bandaríkjunum í Norður-Ameríku. Tekur bann þetta til hvernar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp vöruflutningaskíp, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrар hafnar, sem þau ætla að koma á.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum til landssjóðs, alt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út-af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.